

# Steinn Steinarr skáldkapurinn og ástin

Steinn Steinarr var í fararbrotti þeirra sem ruddu nútímanum braut í íslenskri ljóðagerð um miðja 20. öld en orti einnig í hefðbundnu formi. Ljóð Steins teljast nú sígild og mikilvægur þáttur í íslenskri bókmenntasögu. Steinn var nemandi Jóhannesar úr Kötum og kynntist Stefáni frá Hvítadal á æskuárum í Dölunum. Steinn flutti ungar til Reykjavíkur, en hafði ekki efni á að menntast, gat ekki unnið erfiðisvinnu vegna bæklunar á hönd og bjó við fátækt. Fyrsta ljóðabók Steins, *Rauður loginn brann*, kom út 1934. Þær er viðfangsefnið atvinnuleysi og kreppa og rauður litur kommúnismans endurspeglast í kvæðunum:

*Ég heilsa 'yður öreiga æska  
með öreigans heróp á tungu.*

Með bókinni orti hann sig frá draumórum um annað og betra stjórnarfar. Hann orti lítið um stjórnmál eftir það en sneiddi að öllum valdhöfum jafnt í austri og vestri. Næstu bækur Steins voru; *Ljóð* 1937; *Spor í sandi* 1940 og *Ferð án fyrirheits* 1942. Þær bera annan svip en fyrsta bókin. Tilvistsarspeki og fallvaltleiki setja mark sitt á ljóðin. Árið 1948 kemur út ljóðabókin *Tíminn og vatnið*. Sú bók markar þáttaskil á ferli Steins. Öll kvæðin eru stutt, sum rímuð, önnur órímuð. Efnislega flytja þau ekki rökrétt sannindi heldur óskipulegar svipmyndir og eru ætluð til skynjunar fremur en skilnings. *Tíminn og vatnið* fól í sér stökkbreytingu í íslenskri ljóðlist, hafði víðtæk og varanleg áhrif. Ljóðin minna á abstraktmyndir, línur, liti og form en ekki hlutveruleika, samanber fyrsta ljóðið í *Dvalið hjá djúpu vatni*, sem var fyrsta gerð *Tímans og vatnsins*, skrifað 1942:


*Í sólhvítu ljósi  
hinna síðhærðu daga  
býr svipur þinn*

*eins og tálblátt regn  
sé ég tár þín falla  
yfir trega minn*


*og fjarlægð þín sefur  
í faðmi sínum  
í fyrsta sinn*

Stóra ástin í lífi Steins var Ásthildur Björnsdóttir (f. 1917). Þau giftust árið 1948 og bjuggu síðustu æviár Steins í Fossvogi þar sem þau ráku hænsnabú. Steinn lést úr krabbameini 25. maí 1958. Ásthildur lést árið 1998.

Heimildir:  
Gylfi Gröndal, *Steinn Steinarr. Leit að ævi skálds*. JPV útgáfa. Reykjavík, 2001.  
<http://edda.is/net/products.aspx?mid=500>  
[http://www.ma.is/kenn/svp/kennsluefni/Steinn\\_files/frame.htm](http://www.ma.is/kenn/svp/kennsluefni/Steinn_files/frame.htm)



Steinn Steinarr.



Steinn og Ásthildur um líkt leyti og þau giftu sig.



Úr ferð um Vestfirði með Páli Hafstað 1948.

Kápa Sverris Haraldssonar fyrir ljóðasafnið *Ferð án fyrirheits*.



FERD ÁN FYRIRHEITS

STEINN STEINARR